



4. tbl. 2. árg. 25. jún. 2004



### Fótum troðin réttindi

Á síðasta ári voru 129 þátttakendur í starfi verkalyðsfélaga drepnir í heiminum. Það eru nokkru færri en árið áður, en fjöldi morðhótana, fangelsanir og líkamlegt ofbeldi gagnvart þessum hópi fólks virðist enn fara vaxandi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í árlegri skýrslu Alþjóðasambands frjálsra verkalyðsfélaga, sem kynnt var fyrir nokkrum dögum.

Í skýrslunni er fjallað um ástandið í 134 löndum hvað varðar morð, líkamlegt ofbeldi, handtökur, morðhótanir og uppsagnir fyrir þá sök að mynda eða ganga til liðs við verkalyðsfélag, taka þátt í að leggja fram sameiginlegar kröfur eða taka þátt í verkfalli.

Réttindi þátttakenda í verkalyðsfélögum eru fótum troðin af tveimur aðilum, atvinnurekendum og ríkisstjórnunum. Í skýrslunni er fjallað um það með hvaða hætti ríkisstjórnir í mörgum löndum hafa komið á fót flóknum ferlum til að gera starf verkalyðsfélaga erfitt og hindra verkfallsaðgerðir.

[meira](#)

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson



## Er verðbólguþraugurinn að vakna á ný?

*Verðbólga hefur vaxið hratt nú í sumarbyrjun, eftir að hafa verið um eða undir 2,5% verðbólguþraugurinn Seðlabankans um nokkurt skeið.*


Verðbólgan í júní mælist 3,9% sem er rétt við efri þölmörk verðbólguþraugurinn Seðlabankans og hefur ekki mælist svo há síðan í júlí 2002. Helstu orsakir aukinnar verðbólgu eru mikil hækkun á fasteignaverði og heimsmarkaðsverði á olíu og bensíni, auk þess sem gengi krónunnar hefur verið að veikjast.

Mikil spenna ríkir á fasteignamarkaði eftir að félagsmálaráðherra ákvað að breyta almenna húsnæðislánakerfinu og virðast kaupendur vera að nýta sér yfirverð húsbrefa áður en húsbrefakerfið verður aflagt þann 1. júlí n.k. Markaðsverð á húsnæði hækkaði þannig um 2,1% milli maí og júní og hefur þá hækkað um 9,4% síðustu 12 mánuði.

Heimsmarkaðsverð á olíu og bensíni hefur hækkað verulega síðustu 3 mánuði, í kjölfar stríðsátaka og hryðjuverka í austurlöndum nær. Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði um rúm 32% frá áramótum til júníbyrjunar. Síðan hefur verðið á heimsmarkaði lækkað aftur um 9%. Ef horft er framhjá hækkun húsnæðis og olíu þá mældist verðbólgan í júní aðeins 1,2%. Hækkun á húsnæði og bensíni skýra því 2/3 af hækkun neysliverðsvisitölnnar í júní.

Þróun verðlags á næstu mánuðum mun ráðast af þróun á heimsmarkaði á olíu ásamt þróun fasteignamarkaðarins eftir 1. júlí. Erfitt er að segja til um hvernig húsnæðisverð þróast eftir 1. júlí þegar nýtt kerfi í fasteignaviðskiptum verður tekið upp. Enn erfiðara er að gera sér

12 mánaða verðbólga



grein fyrir því hvernig verðlag á olíu og bensíni mun þróast á næstu mánuðum. Frekar má búast við að hækkunir gangi að nokkru til baka eftir að olíuframleiðsluríkin juku framleiðslukvóta sína. Ýmsir spá því þó að verð muni haldast áfram hátt, muni þó lækka nokkuð frá því sem verið hefur.

Ýmis teikn eru á lofti um að hætta sé á að verðhækkunir á húsnæði og olíu smitist út í almennt vöruverð og kyndi enn frekar undir verðbólguna. Nýlegt dæmi um þetta eru hækkunir á rafmagni og heitu vatni. Aðrir þættir sem hafa áhrif á verðbólgu eru gengi

krónunnar og hefur hún áhrif á verð á innfluttum vörum og þjónustu. Vaxandi viðskiptahalli gæti leitt til veikingar krónunnar sem ásamt vaxandi verðbólgu í helstu viðskiptalöndum okkar mun ýta undir verðhækkunar á innfluttum vörum og þjónustu. Tíminn einn mun leiða það í ljós hvort hér er aðeins um að ræða verðbóluskot eða hvort verðbólguþrágurinn er vaknaður á ný. Það er því mikilvægt að vera vel á verði og hvetja seljendur vöru og þjónustu til að halda aftur af hækkunum og stjórnvöldum til að beita skynsamlegri og aðhaldsamri hagstjórn.

## Hagvöxtur og atvinnuleysi

**Skráð atvinnuleysi í maí mældist 3,3%, en á sama tíma í fyrra mældist það 3,6% og síðastliðinn vetur mældist það hæst 3,7%. Þetta jafngildir því að 4.900 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysissskrá í maí, 398 færri en á sama tíma í fyrra og nánast jafnmargir og í apríl s.l. Atvinnuleysið hefur því minnkað á síðustu mánuðum, fyrst og fremst vegna fjölgunar á vinnumarkaði. Fjölgun á vinnumarkaði skýrist aftur að hluta til af því að skólafólk var að koma inn á markaðinn í leit að sumarvinnu. Á hinn bóginn, ef tekið er tillit til árstíðabundinna sveifla atvinnuleysis, kemur í ljós að atvinnuleysi hefur heldur verið að aukast síðustu mánuði. Þetta þýðir að þrátt fyrir að dregið hafi örlítið úr skráðu atvinnuleysi þá er það enn óvenju mikið miðað við árstíma. Þessar niðurstöður vekja óhjákvæmilega upp spurningu eins og þá hvort hinn mikli hagvöxtur sem mælt hefur á síðustu mánuðum muni ef til vill ekki skila sér í betra atvinnuástandi.**

Gera má ráð fyrir að ákveðið jafnvægi ríki milli hagvaxtar, atvinnuleysis, og atvinnuþátttöku. Mikill hagvöxtur ætti að leiða til aukinnar eftirspurnar vinnuafis, sem aftur ætti að leiða til launahækkana, minna atvinnuleysis og aukinnar atvinnuþátttöku. Lítil hagvöxtur eða stöðnun hins vegar, ætti að öllu jöfnu að draga úr eftirspurn vinnuafis, sem aftur ætti að valda auknu atvinnuleysi og ýta út af vinnumarkaði fólk sem kys að keppa ekki um þau störf sem í boði eru.

Þetta sambandi á milli hagstærða getur reyndar orðið óljóst þegar viðsnúningur verður í hagkerfinu. Þegar hagvöxtur eykst eftir samdrátt er gjarnan fyrir hendi ónýtt framleiðslugeta í fyrirtækjum. Þetta getur stafað af hagræðingu sem þau réðust í til að mæta aðsteðjandi erfiðleikum á samdráttarskeiði. Þegar hagvöxtur glæðist



á ný geta fyrirtækin því brugðist við aukinni spurn eftir vörum og þjónustu án þess að ráða til sín fleira starfsfólk. Ef sú er raunin hjá mörgum fyrirtækjum getur þetta stuðlað að því að sambandi milli mikils hagvaxtar og bættis atvinnuástands veikist tímabundið.

Á Íslandi á sér einmitt stað mikill viðsnúningur í hagkerfinu um þessar mundir, frá 0,5% samdrætti árið 2002 í 4,0% hagvöxt í fyrra. Hinn mikli hagvöxtur sem mælt hefur á síðustu mánuðum stafar aðallega af auknum fjárfestingum og einkaneyslu. Ef aukin útgjöld fyrirtækja og einstaklinga í þessa liði eru grundvölluð á raunhæfum væntingum um framleiðslugetu og auknar tekjur þá er sennilegt að fyrr eða síðar leiði þau til aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli og betra atvinnuástands. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að svo verði; það mun að verulegu leyti velta á ytri áhrifaþáttum eins og hagstjórn – en einnig, og ekki hvað síst, á stefnu stjórnvalda í atvinnumálum. Á bak við meðaltalstölur um atvinnuleysi leynist nefnilega veruleiki sem ástæða er til að hafa áhyggjur af, svo sem eins og vaxandi atvinnuleysi meðal ungmenna og auknið langtímaatvinnuleysi.

Atvinnuleysi ungmenna er áhyggjuefni. Í maí s.l. voru alls um 28% allra atvinnulausra á aldrinum 16-24 ára en um 30% í maí 2003. Meðaltal 16-24 ára atvinnulausra af öllum atvinnulausum á árinu 2003 var 26%, árið 2002 26%; árið 2001 var hlutfallið 21% og næstu ár þar á undan 17%. Jafnframt fjölga langtímaatvinnulausum stöðugt (þ.e. þeim sem eru atvinnulausir yfir 6 mánuði). Langtímaatvinnulausir voru um 33% allra atvinnulausra í maí s.l. en um 27% í maí 2003. Á árinu 2003 voru að meðaltali 26% atvinnulausra langtímaatvinnulausir en 19% árið 2002. Mikilvægt er að sporna við þessari þróun með virkum vinnumarkaðsaðgerðum og koma þannig í veg fyrir að ungt fólk festist í langtímaatvinnuleysi.

# Eru forsendur kjarasamninga að bresta?



*Vaxandi verðbólga að undanfögnu hefur vakið upp spurninguna hvort ógn steðji að nýgerðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.*

Þegar kjarasamningar voru í undirbúningi í lok síðasta árs, var verðbólga í lágmarki og hafði verið undir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans í síðustu 13 mælingum. Vitað var að þensla færi vaxandi og hætta væri á aukinni verðbólgu samfara miklum stóriðju- og virkjanaframkvæmdum, auk þess sem samkeppnis- og útflutningsgreinarnar gætu átt í erfiðleikum vegna sterkrar stöðu krónunnar. Því var í samningunum lögð áhersla á að tryggja atvinnuöruggi og stöðugleika samfara vaxandi kaupmætti.

Liður í því að ná þessu markmiði var að samið var til fjögurra ára og launakröfur tóku mið af efnahagsástandinu. Niðurstaða kjarasamninganna voru launabreytingar sem voru svipaðar og í nágrannalöndunum og var í forsendum kjarasamninganna miðað við:

- að verðlag þróist í samræmi við verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands.
- að sú launastefna og þær kostnaðarhækkningar sem í samningunum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði

Ef marktæk frávik verða frá annarri eða báðum forsendum getur annað tveggja gerst; samkomulag næst um launahækkningar til að mæta frávikinu án uppsagnar samninganna eða að samningunum verður sagt upp. Á samningstímanum getur tvegis komið til slíkrar uppsagnar, í desember 2005 og desember 2006.

Við höfum nú í tvígang fengið slæmar tölur út úr verðbólgu-mælingum. Ástæðurnar hafa að hluta til verið vegna þróunar á erlendum mörkuðum, sem við ráðum ekki við, en að hluta til er vandinn innlendur. Það skiptir því öllu máli hvernig brugðist verður við og þar leika fjármál ríkis og sveitarfélaga lykilhlutverk. Ljóst er að ef ekki dregur úr verðbólgunni geta forsendur kjarasamninga brostið og þá gæti komið til uppsagnar þeirra á næsta ári. Slík staða væri afar óheppileg fyrir alla aðila. Það mun einnig reyna á það í haust hvort að sú launastefna sem mörkuð var í samningunum og byggði á því að tryggja atvinnuöruggi og stöðugleika verður ofaná í samningum ríkisins við félög opinberra starfsmanna.

Það er mikilvægt fyrir allt þjóðfélagið að tryggt verði að forsendur kjarasamninga haldist og að ekki þurfi að koma til uppsagnar þeirra á næsta ári þar sem búast má við að slík uppsögn ylli óstöðugleika í efnahags- og atvinnulífinu. Kosturinn í stöðunni er, að það ætti að vera nægur tími til að bregðast við, en þá verða stjórnvöld að hlusta vel eftir ábendingum m.a. Seðlabanka Íslands og ASÍ varðandi ríkisfjármálin.

## Símaþjónusta vegur þyngra í heimilisútgjöldum en áður

Hagstofan hefur birt niðurstöður úr rannsókn á útgjöldum heimila sem framkvæmd var árin 2000-2002 með þátttöku 1.907 heimila í landinu. Niðurstöðurnar sýna hvernig útgjöldin á meðalheimili skiptast hlutfallslega á neyslupætti. Þegar þessar niðurstöður eru svo bornar saman við neyslukönnun frá 1995 kemur margt forvitnilegt í ljós. Hlutfall nokkurra liða í heimilútgjöldunum hefur breyst töluvert milli kannanna. Tveir liðir hafa stækkað áberandi á þessu tímabili, annars vegar liðurinn "húsnæði, hiti og rafmagn" sem hefur hækkað úr 17,9% í 20,1%. Hins vegar er það sá liður neyslunnar sem aukin farsímanotkun fellur undir þ.e. "póstur og sími" sem var í könnuninni árið 1995 1,4% af útgjöldunum en var kominn í 3,1% árið 2002.

Þeir liðir sem hlutfallið hefur minnkað eru helstir; matur og drykkjarvörur fór úr 17,4% af útgjöldunum árið 1995 í 15,9% árið 2002 og liðurinn "föt og skór" sem minnkaði úr 6,9% í 5,7% af útgjöldum heimilanna.

Hlutfallsleg skipting útgjalda heimilanna skv. rannsóknnum	Árið 1995	Árið 2002
Matur og drykkjarvörur	17,4	15,9
Áfengi og tóbak	3,2	3,8
Föt og skór	6,9	5,7
Húsnæði, hiti og rafmagn	17,9	20,1
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	6,0	5,8
Heilsugæsla	3,1	3,6
Ferðir og flutningar	14,6	14,7
Póstur og sími	1,4	3,1
Tómstundir og menning	13,3	14,4
Menntun	1,0	0,5
Hótel og veitingastaðir	5,5	5,4
Aðrar vörur og þjónusta	9,9	6,9
Neysluútgjöld alls	100	100

Heimild: Hagstofa Íslands



## Enginn til varnar lagasetningu á sjómenn

„Stjórnvöld á Íslandi verða að taka tillit til svona tilmæla. Venjulega koma fulltrúar annarra ríkisstjórna til hjálpar og stuðnings þegar stjórnvöld í aðildarríkjum eru borin sökum. Í þessu tilviki var engu slíku til að dreifa. Íslensk stjórnvöld stóðu ein og berskjölduð“. Þetta sagði Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, sem er nýkominn af Alþjóðavinnuálagningu í Genf. Alþýðusamband Íslands kærði vorið 2001 síendurtekin afskipti íslenskra stjórnvalda af gerð kjarasamninga sjómanna til Félagafrelsisnefndar

Alþjóðavinnuálagningu. Að loknum umræðum, þar sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar gerðu tilraun til að verja málstað sinn, var samþykkt að beina því til hennar að kanna þetta verklag sitt í samráði við aðila vinnumarkaðarins með það fyrir augum að ekki þurfi að koma til þessa aftur. Þetta var samþykkt samhljóða, þ.e. af öllum fulltrúum ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks á þingingu. Sævar segist vongóður um að stjórnvöld taki tillit til þessara tilmæla. „Þau eru bæði blind og heyrnarlaus ef þau gera það ekki.“


[meira](#)

## Nýjar reglur um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna

Gagnsæi markaða, og þar með öflugt upplýsingaflæði, er mikilvægt þegar stuðla á að samkeppni á markaði. Í dag eru um 300 tannlæknar starfandi á Íslandi. Verðlagning tannlækna á sinni þjónustu er frjálst en heilbrigðisráðherra gefur út gjaldskrá vegna tannlæknaþjónustu þar sem Tryggingastofnun tekur þátt í kostnaði ákveðinna hópa neytenda, s.s. kostnaði vegna barna 17 ára og yngri og lífeyrisþega. Í þeim tilvikum sem gjaldskrá tannlækna er hærrí en gjaldskrá ráðherra greiðir sjúklingur mismuninn að fullu. Þetta leiðir hugann að því að hingað til hefur verið erfitt fyrir almenna neytendur að átta sig á kostnaði við tannlæknaþjónustu þar sem upplýsingar um verð þjónustunnar hafa í flestum tilfellum ekki legið fyrir þegar neytandinn velur hvar hann kaupir þjónustu. Jafnvel hefur neytandinn oft ekki hugmynd um hvað þjónustan kemur til með að kosta þegar hann sest í stólinn. Þar af leiðandi hefur verið erfitt fyrir neytendur að gera verðsamanburð sem er lykilatriði þegar leitað er hagstæðustu kjara. Það virðist því ekki vera mikil verðsamankeppni í gangi á þessum markaði sem helgast aðallega af því hve litlar verðupplýsingar liggja fyrir. Þessi upplýsingaskortur hefur einnig torveldað nánast allt almennt verðlagseftirlit á þessari þjónustu.

tannlækna í þeim tilgangi að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Þessar reglur taka gildi frá 1. september n.k. Þetta er gríðarlega mikilvægur áfangi því upplýstur neytandi er öflugasta aðhaldið. Eins gefst verðlagseftirliti ASÍ og fleiri aðilum nú kostur á að framkvæma verðkannanir á þessari þjónustu eins og svo mörgum öðrum. Það verður því fróðlegt að fylgjast með hvernig þróunin verður í þessum málum í kjölfar þessara jákvæðu breytinga á upplýsingaskilyrðum tannlækna.

heimildir: Samkeppnisstofnun, TR, mbl.is



Samkeppnisstofnun hefur nú lagt lóð á vogarskálarnar í þessu efni og gefið út reglur um verðupplýsingar á þjónustu



## Áform séu raunhæf og framkvæmanleg

Í aðdraganda síðustu þingkosninga lofuðu stjórnarflokkarnir miklum skattalækkunum. Sjálfstæðisflokkur vildi lækka tekjuskatt um tæpa 19 milljarða, virðisaukaskatt um tæpa 6 milljarða og eignaskatta um 3 milljarða. Framsóknarmenn lofuðu tæplega 16 milljarða lækkun tekjuskatts. Þessi skattaloforð náðu inn í stjórnarsáttmálann en þar segir m.a. „Á kjörtímabilinu verður m.a. tekjuskattsprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að 4%, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur samræmdur og lækkaður og virðisaukaskattkerfið tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings.“

En stjórnarsáttmálinn gerði meira en að vera farvegur fyrir loforð um skattalækkanir því þar segir jafnframt: „Ríkisfjármál munu gegna lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum og nauðsynlegt er að stefnumótun verði sveigjanleg með tilliti til þróunar efnahagsmála.“. Það að ríkisstjórnin boði að ríkisfjármálin skuli gegna lykilhlutverki í stjórn efnahagsmála á komandi misserum þýðir, í ljósi aðstæðna í hagkerfinu, í raun að ríkisstjórnin var að boða aðhaldsemi í ríkisfjármálunum á komandi árum sem einkennast munu af þenslu samfara miklum virkjana- og stóriðjuframkvæmdum.

## Eru verulegar skattalækkanir án harkalegs niðurskurðar á velferðarkerfinu vænlegur kostur?

Margir hafa orðið til þess að benda á, að ef góður afgangur er hjá ríkissjóði, þá sé eðlilegt og rétt að almenningur njóti þess í lægri sköttum án þess að sérstök þörf sé á að skera niður ríkisútgjöld á móti. Slíkt verði til þess að auka kaupmátt alls almennings án þess að það bitni á neinum. En er dæmið svona einfalt? Því miður ekki. Verðbólga fer vaxandi þessa dagana og flest sem bendir til þess að baráttan við verðbólguna verði erfið á komandi misserum. Ef við lækkum skatta við núverandi aðstæður, án þess að skera niður ríkisútgjöld á móti, munu skattalækkanir leiða til meiri þenslu og þar með til aukinnar verðbólgu. Verðbólgan er

Nú eru blikur á lofti varðandi verðbólguna. Í sumarbyrjun jókst verðbólga umtalsvert og er samkvæmt síðustu mælingu orðin 3,9%. Seðlabankinn hefur brugðist við með því að hækka vexti tvívegis á aðeins einum mánuði. Bankinn hefur einnig gefið sterklega til kynna að auka þurfi aðhald í ríkisfjármálunum til að sporna gegn verðbólgunni. Í júníhefti Peningamála Seðlabankans er fjallað um versnandi verðbólguhorfur og í umfjöllun um nýja verðbólguþáttáætlun bankans segir m.a.: „Einkum þyrfti aðhald í ríkisfjármálum að verða meira á árunum 2005 og 2006 en reiknað er með í forsendum spárinnar. Fyrirhuguðum skattalækkunum á þessum árum þarf því að fylgja meiri lækkun ríkisútgjalda en hér er reiknað með þannig að ríkisfjármálin örví ekki innlenda eftirspurn. Gangi það ekki eftir lendir meginþungi aðhaldsaðgerða á peningastefnunni. Hætt er við að það haldi raungengi krónunnar hærra en ella og þrengi að útflutnings- og samkeppnisgreinum. Slík framvinda gæti leitt til erfiðari aðlögunar í lok núverandi uppsveiflu en ella.“

Það er með öðrum orðum nauðsynlegt að skera harkalega niður ríkisútgjöld á móti öllum skattalækkunum til þess að koma í veg fyrir að skattalækkanir leiði til aukinnar eftirspurnar og þar með aukins þrýstings á verðbólgu. Það er því eðlilegt að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar - ef hún ætlar sér að lækka skatta verulega - að hún kynni þá jafnframt hvar hún ætlar að skera niður í ríkisútgjöldunum. Það verður einnig að gera þá kröfu að niðurskurðaráformin séu raunhæf og framkvæmanleg. Í þessum efnunum hræðir sagan. Það er sterk tilhneiging til að vanmeta fjárþörf stofnana ríkisins í fjárlögum en bæta síðan í fjárukaulögum það sem á vantar í stað þess að takast á við kerfislega útgjaldabenslu ríkisins. Nýlegar fregnir af fjárþörf framhaldsskóla vegna nemendafjölgunar sem vitað var um fyrir samþykkt fjárlaga er augljóst dæmi um slíkt vanmat. Í umræðunni um lækkun skatta er nauðsynlegt að hafa í huga að á undanförunum árum hafa ýmsar grunnstöðir velferðarkerfisins veikst. ASÍ hefur lagt áherslu á að það sé forgangsverkefni að styrkja velferðarkerfið og lagði í þeim efnunum fram ítarlegar tillögur á síðasta ári. Tillögurnar miðuðu að því að tryggja barnafólki, atvinnulausum, öldruðum og öryrkjum bættan hag ásamt því að færa öryggisnet almenns launafólks ofar. Áætlaður kostnaður við tillögurnar voru rúmir 9 milljarðar. ASÍ hefur ekki breytt þeirri skoðun sinni að ef svigrúm er í ríkisfjármálunum eigi að nota það fyrst til að tryggja hag þeirra sem höllustum fæti standa áður en farið er í stórfelldar skattalækkanir.

fljót að taka burtu þann kaupmáttarauka sem stefnt var að í síðustu kjarasamningum. Til að bregðast við vaxandi verðbólgu mun Seðlabankinn hækka vexti sem mun rýra hag almennings og fyrirtækja auk þess sem gengi krónunnar munu styrkjast tímabundið. Sterkari króna dregur að sönnu úr verði á innfluttum vörum og þjónustu en mun leiða til vaxandi viðskiptahalla sem að lokum fellir krónuna með tilheyrandi verðbólguþykningu. Tímabundin styrking krónunnar sem fylgir vaxtaþækkunum Seðlabankans veikir rekstar-skilyrði samkeppnis- og útflutningsgreinana. Því mun atvinnuástand versna í kjölfarið.

Skattalækkanir án niðurskurðar ríkisútgjalda við núverandi aðstæður mun aðeins leiða til skammvinnns kaupmáttarauka en mun til lengri tíma leiða til vaxandi verðbólgu, hækkandi vaxta og aukins atvinnuleysis án þess að kaupmáttaraukningin verði varanleg.